

Ed.

657. Nefndarálit

um frv. til laga um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar og samið af skipulagsnefnd atvinnumála. Nefndin hefir haft það til meðferðar á nokkrum fundum.

Undir meðferð málsins í nefndinni var leitað upplýsinga um núverandi fyrirkomulag hjá innlendum ferðaskrifstofum og hjá ýmsum öðrum, er telj-

ast kunnugir þeim málum. Leiddu þær upplýsingar ýmislegt í ljós, er styrkir meiri hluta nefndarinnar í þeirri trú, að margt mætti betur fara í móttöku erlendra ferðamanna en nú er.

Hinsvegar er nefndin í heild þeirrar skoðunar, að aukning ferðamanna til landsins sé þýðingarmikið mál, sem vert sé að gera allverulega mikið fyrir. En um framkvæmd þess er nefndin ósammála. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að málið sé það umfangsmikið, að þeim, sem nú hafa þessi mál með höndum hér á landi, sé um megn að koma því skipulagi á og afla þess fjár, sem til þarf, svo fullt gagn verði að. Aftur á móti sé ríkinu kleift með aðstoð löggjafar að mynda skipulag og halda uppi starfrækslu, er smátt og smátt myndi sýna yfirburði sína fram yfir tilraunir dreifðra krafta einstaklinganna í þessum málum. Meiri hluti nefndarinnar telur því frv. það, sem fyrir liggur, miða í rétta átt. En minni hlutinn mun sérstaklega vera á móti því af þeim sökum, að hér sé um ríkisrekstur að ræða. Að öðru leyti visast til hinnar ýtarlegu greinargerðar, er frv. fylgir. Meiri hlutinn hefir orðið ásáttur um að gera 3 minni háttar brtt. við frv. Þótti betur fara að sameina 2 fyrstu gr. frv. í eina, og kveða nokkru skýrar á um ákvæði 6. gr.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1 gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn

2. 2. gr. falli niður. Greinatala frv. breytist samkvæmt því.

3. Við 6. gr. Niðurlag greinarinnar, frá orðunum „er þess æskja, enda“, orðist svo: sé jafnan nægilegur fyrirvari gefinn samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin setur um, hvernig þessu ákvæði megi framfylgja.

Alþingi, 29. nóv. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.

Páll Hermannsson.